

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/533*  
*komudagur 29.11.2011*



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur), 138. mál og 61. mál.**

Á fundi með atvinnuveganefnd 24. nóvember sl. óskaði nefndin eftir álitni á svokallaðri danskri leið sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mælir með í sinni umsögn um matvælafrumvörpin.

Samtök iðnaðarins telja að vel komi til greina að hafa dönsku leiðina til hliðsjónar við skilgreiningu á undanþágum frá matvælalögum hér á landi. Hins vegar er ljóst af dönsku leiðbeiningunum að aðstæður og viðteknar venjur í Danmörku eru að einhverju leyti ólíkar því sem gerist hér á landi. Þess vegna væri aldrei hægt að taka dönsku leiðbeiningarnar beint upp í íslensku þýðingu eins og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggur til. Sérstaklega þarf að skoða vel undanþágur frá matvælalögum varðandi sölu á matvælum.

Matvælalögin, nr. 93 frá 1995, gilda ekki um meðferð á matvælum til einkaneyslu. Dönsku leiðbeiningarnar skilgreina hvað fellur undir matvæli til einkaneyslu. Þær skilgreiningar væri hægt að hafa til hliðsjónar hér á landi og væri þá án nokkurra lagabreytinga hægt að undanþiggja ýmsa starfsemi þar sem fólk hittist og borðar saman mat, sem það tekur með sér úr heimahúsum, svo sem bekkjarkvöld, kirkjukaffi, vinnustaðakaffi o.þ.h., án þess að sala eigi sér stað. Samtökin væru fylgjandi því að fara þá leið.

Eftir stendur hvers konar sala og dreifing á matvælum. Samtök iðnaðarins telja að varðandi slíka starfsemi þurfi að taka tillit til eftirfarandi atriði við undanþágur frá matvælalögum.

1. Undanþága frá matvælalögum sé einungis veitt fyrir einstök tilvik og í litlu magni
2. Matvælaöryggi verði tryggt eins og kostur er
3. Einfaldari stjórnslá
4. Skýrar reglur – ekki grá svæði
5. Ekki raska samkeppnisstöðu starfandi fyrirtækja

Samtökin telja að markmið um einfaldari stjórnslá náist ekki ef heilbrigðiseftirlit þarf að gefa bráðabirgðastarfsleyfi fyrir hvern einstakan viðburð sem á að fá undanþágu frá kröfum matvælalaga. Hins vegar taka Samtökin undir það sjónarmið, sem kemur fram í mörgum umsögnum, að einungis skuli veita undanþágur varðandi síður viðkvæm matvæli.

Þá er mikilvægt að skilgreina ýmis hugtök s.s.:

1. Hvað eru viðkvæm og síður viðkvæm matvæli
2. Hvað er lítið magn
3. Hvað fellur undir góðgerðarstarfsemi



Samtökin leggja áherslu á að gerðar séu greinargóðar leiðbeiningar bæði til þeirra sem hyggjast selja matvæli í góðgerðarskyni sem og neytenda sem hyggjast versla af slíkum aðilum.

Þá leggja Samtökin áherslu á að skýrar landsreglur, um þá starfsemi sem um getur í grein 1b. í frumvarpi ráðherra, 138. mál, verði birtar um leið og lögin taka gildi.

Að öðru leyti vísa samtökin til fyrri umsagnar frá 14. nóvember.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

*Ragnheiður Héðinsdóttir*

Ragnheiður Héðinsdóttir,  
Forstöðumaður matvælasviðs